

Fimmtudaginn 8. júní 1989.

Nr. 187/1989. **Búnaðarbanki Íslands**

gegn

Hákoni Hákonarsyni og

Hinriki G. Hilmarssyni.

Kærumál. Þingfesting Kröfugerð. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Hinn 27. apríl 1989 óskaði lögmaður sóknaraðila, að mál þetta yrði þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur. Neitað var um þingfestingu málsins. Í bréfi lögmannsins sama dag til yfirborgardómara segir m.a.: „Þar sem ég tel ekki að frambærileg rök séu fyrir því að fella mál niður, þegar svona stendur á, óska ég eftir að þér kveðið upp úrskurð...“

Hinn 2. maí 1989 kvað Friðgeir Björnsson, yfirborgardómari í Reykjavík, upp úrskurð í máli þessu á bæjarþingi Reykjavíkur. Úrskurðurinn, sem er án forsendna, er svohljóðandi:

„Búnaðarbanka Íslands er synjað um að þingfesta mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sem hann hefur höfðað gegn Hákoní Hákonarsyni o.fl., miðað við þingfestingardaginn 27. apríl 1989.“

Sóknaraðili skaut úrskurði þessum til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 11. maí 1989. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi „og dagur til þingfestingar verði ákveðinn á ný“. Í greinargerð, sem réttinum barst 29. maí, er kröfum breytt og þess nú krafist að dæmt verði, hvort „rétt hafi verið staðið að þessu máli hjá yfirborgardómara“.

Frá varnaraðilum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Með bréfi, dagsettu 23. maí 1989, til Hæstaréttar hefur yfirborgardómari samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands, m.a. gert eftirfarandi athugasemdir:

„Boðað verkfall Stéttarfélags lögfræðinga í ríkisþjónustu hófst 6. apríl sl. Að þeirri verkfallsboðun stóðu 5 af 6 dómarafulltrúum á borgardómaraembættinu í Reykjavík, en aðalfulltrúi hefur ekki verkfallsrétt.“

Samkvæmt II. kafla laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, hefur löggjafinn heimilað dómarafulltrúum m.a. að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilum um kjarasamninga, þó með ákveðnum takmörkunum.

Vonir stóðu til, að af verkfallinu yrði ekki, en þegar sýnt var, að það væri óumflýjanlegt, tók yfirborgardómari ákvörðun um, hvernig bregðast skyldi við þeirri röskun á störfum á embættinu, sem sýnilegt var að verkfallið myndi hafa í för með sér. Hinn 3. apríl gaf hann út tilkynningu, sem hengd var samdægurs upp á auglýsingatöflu á embættinu og einnig send Lögmannafélagi Íslands til kynningar. Tilkynningin er svohljóðandi:

„Tilkynning frá borgardómaraembættinu í Reykjavík vegna boðaðs verkfalls, dómarafulltrúa frá og með 6. apríl 1989.

Komi til verkfalls, verða eftirtaldar breytingar á störfum á embættinu þann tíma, er verkfallið stendur:

1. Hjónaskilnaðarmál verða ekki tekin fyrir.
2. Hjónavígslur verða ekki framkvæmdar.
3. Stefnt er að því að halda bæjarþing fimmtudaginn 6. apríl, þriðjudaginn 11. apríl, fimmtudaginn 13. apríl og þriðjudaginn 18. apríl n.k., *en standi verkfallið lengur, verða regluleg bæjarþing ekki haldin eftir 18. apríl þar til verkfallið er afstaðið.*
4. Gera verður ráð fyrir að veruleg röskun verði hjá embættinu á daglegum afgreiðslum, sem dómarafulltrúar hafa annast.
5. Gera verður ráð fyrir því að uppkvaðning dóma í skriflega fluttum málum og áritun áskorunarmála raskist mjög mikið frá því sem verið hefur.“

Dómarafulltrúar, sem við borgardómaraembættið starfa, eru löggiltir til starfa síns sem fulltrúar yfirborgardómara og úthlutar hann þeim verkefnum. Áratugum saman hefur tíðkast að dómarafulltrúar fari með regluleg bæjarþing, kveði upp dóma í útivistarmálum og áriti áskorunarstefnur um aðfararhæfi. Síðustu tvö árin hafa dómarafulltrúarnir nær eingöngu annast meðferð hjónaskilnaðarmála og framkvæmt hjónavígslur.

Verkfall dómarafulltrúa hafði það óhjákvæmilega í för með sér að draga varð starfsemi embættisins saman, þar sem ekki var fyrir hendi vinnukraftur til að halda henni óbreyttri. Niðurstaðan varð sú að láta þessa röskun ekki bitna á meðferð munnlega fluttra mála,

sem borgardómarar fara með flest, heldur á þeim störfum, sem dómarafulltrúar vinna daglega. Þegar verkfallið hófst, biðu u.þ.b. 500 útivistarmál dóms eða áritunar, og gera mátti ráð fyrir, að 200-250 mál yrðu tekin til dóms eða áritunar á hverju bæjarþingi sem haldið yrði. Sú er nú líka raunin, að um 1400 útivistarmál biða dóms eða áritunar.

Tilgangslítið sýndist að láta málin safnast upp ódæmd með þessum hætti, en reynt var með því að halda fjögur bæjarþing í verkfallinu að draga úr þeim óþægindum, sem þeir, sem mál hugðust höfða fyrir bæjarþinginu, gátu átt von á að verða fyrir, en láta síðan eitt yfir alla ganga, enda þótt sumir lögmenn kynnu, áður en tilkynningin frá 3. apríl sl. var gefin út, að hafa stefnt til þeirra bæjarþinga, sem niður féllu vegna verkfallsins. Engin von var til þess, að yfirborgardómari og aðalfulltrúi gætu annað vinnu 5 dómara-fulltrúa auk eigin starfa, svo að eitthvað varð undan að láta.

Hér var því um að ræða stjórnun á vinnu innan embættisins, sem yfirborgardómi hefur með höndum og ber ábyrgð á, sbr. 1. mgr. 9. laga nr. 74/1972.

Hafa nú verið raktar helstu ástæður fyrir því að ekki var haldið bæjarþing fimmtudaginn 27. apríl sl. og Baldvini Jónssyni hrl. þar af leiðandi synjað um þingfestingu þess máls, sem hann hugðist þingfesta f.h. Búnaðarbanka Íslands.

Þá vil ég leyfa mér að láta eftirfarandi skoðun í ljós:

Ef aðilar dómsmáls eiga lögvarða kröfu til þess að regluleg bæjarþing séu haldin undir þeim kringumstæðum, sem að framan hefur verið gerð grein fyrir, hljóta t.d. þeir, sem vilja skilja að borði og sæng eða að lögum, og þeir, sem vilja láta framkvæma borgarlega hjónavígslu, að eiga sömu lögvörðu kröfuna til þess, að skilnaðarmál sé tekið fyrir og hjónavígsla fari fram. Sama sýnist í aðalatriðum gilda um þá aðila dómsmála, sem eiga ódæmd mál, sbr. 191. gr. laga nr. 85/1936. Með öðrum orðum, ef kröfur af þessu tagi yrðu taldar eiga við lög að styðjast, þá væri samkvæmt því lögð sú skylda á yfirborgardómara að halda starfsemi embættisins óbreyttri, enda þótt hluti starfsmanna leggi niður störf með heimild í lögum nr. 94/1986, sem að framan er getið.“

Í athugasemdum yfirborgardómara er þess einnig getið, að varnaraðilar hafi ekki mætt til fyrirhugaðrar þingfestingar.

Í áðurnefndri greinargerð lögmanns sóknaraðila segir m.a.: „...Þar sem yfirborgardómari hefir nú ákveðið, að bæjarþing skuli hafið á ný, og fyrsti þingfestingardagur var haldinn 18. þ.m., breytist auðvitað krafa mín, að „dagur til þingfestingar verði ákveðinn á ný“. Hins vegar óska ég, að virðulegur Hæstiréttur felli úrskurð um það, hvort rétt hafi verið staðið að þessu máli hjá yfirborgardómara. Það er augljóst mál, að bæjarþingsmál það, er ég krafðist, að þingfest yrði 27. apríl sl., þ.e. Búnaðarbanki Íslands gegn Hákonni Hákonarsyni, o.fl., verður ekki þingfest aftur nema með nýrri stefnubirtingu, og þess vegna er ég ósamála yfirborgardómara um meðferð málsins, þ.e. að rita stefndum í umræddu máli. Þegar synjað var um þingfestingu á málinu, var málatilbúnaður ónýtur og augljóslega þurfti stefnubirting að fara fram á ný. Það var því algjörlega óþarfi að leita til þessara manna. Þá fullyrðir yfirborgardómari, að stefndu hafi ekki mætt, er þingfesta átti málið. Það tel ég fullsagt, því að þegar ég mætti þennan dag kl. 10.00, var mér sagt af starfsstúlku að ekkert þing yrði háð, og svo held ég að öðrum hafi líka verið sagt, sem kynnu að hafa mætt. Ég krafðist þá þegar úrskurðar í málinu og fylgdi því eftir með bréfi sama dag.

Ástæðu fyrir niðurfellingu þinghalds telur yfirborgardómari vera verkfall dómarafulltrúa, þar sem það hafði óhjákvæmilega í för með sér, að draga varð starfsemi embættisins saman. Ég er fyllilega sammála yfirborgardómara í því, að verkfall þetta hafði verulega röskun í för með sér. Hins vegar var ekki um verkfallsbrot að ræða, þótt borgardómari eða aðalfulltrúi héldu uppi þinghaldi, sem þeir og gerðu, með þinghaldi 11. apríl, 13. apríl og 18. apríl svo og 18. maí, þ.e. áður en verkfalli var aflýst, því að þinghald byrjaði kl. 10.00, en verkfalli var ekki aflýst fyrr en síðar á þeim degi.

Það sem ég get ekki sætt mig við, er hvernig staðið var að auglýsingu um niðurfellingu þinghalds. Yfirborgardómari segir að hann hafi gefið út tilkynningu, sem hengd var samdægurs á auglýsingatöflu á embættinu og einnig send Lögmannafélagi Íslands. Þetta tel ég algjörlega ófullnægjandi. Yfirleitt sækja lögmennt ekki hin reglulegu bæjarþing, en láta mæta fyrir sig og hafa því ekki tækifæri til að sjá auglýsingu þessa. Og þótt Lögmannafélaginu hafi verið send tilkynningin, tel ég það einnig ófullnægjandi. Ég tel, að slík tilkynning hafi átt að koma í Lögbirtingablaðinu eða einhverju víð-

lesnu dagblaði. Þá tel ég vafasamt að yfirborgardómari sé bær um að gefa slíka yfirlýsingu nema þá í samráði við dómsmálaráðuneytið, sbr. 9. gr. laga nr. 28 frá 1981, sem er breyting á 38. grein einkamálalaga frá 1936.

Þá tel ég frest þann, er yfirborgardómari ákveður til þingfestingar, þ.e. til 18. apríl, of skamman, því að vitað er, að ef stefna þarf mönnum utan Reykjavíkur, þarf frestur að vera 3 - 4 vikur. Stefnur þær, er ég sendi út til þingfestingar 27. apríl, voru dags. og sendar út 31. mars sl. og því farnar af stað, áður en auglýsing um niðurfellingu þinghalds var birt...“

Tekið er fram í greinargerðinni, að kæruheimild sé 21. gr., 1. mgr. 1. tl. b í lögum nr. 75/1973, um Hæstarétt Íslands.

Stefna í máli þessu hafði verið birt og málið því höfðað skv. 103. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, sbr. 30. gr. laga nr. 28/1981. Var sóknaraðila heimilt að kæra úrskurð yfirborgardómara eftir því lagaákvæði, sem getið var.

Kröfugerð sóknaraðila er andstæð 67. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að vísa kærumáli þessu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.